



2015 -2016

Ársskýrsla Heilsuleikskólans Bæjarbóls



Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026

Efnisyfirlit

2

Innra starfið	3
Mat á innra starfi leikskólans 2015-2016	3
Þema.....	4
Útikennsla- gönguferðir	4
Hreyfing	4
Markviss málörvun	5
Einingakubbar/ Holukubbar.....	5
Könnunarleikur	6
Lesmál	7
Verkefni elstu barnanna	7
Brúum bilið / Samstarf leik- og grunnskóla.	7
Flæði.....	8
Tákn með tali.....	8
Foreldrasamstarf.....	9
Starfsmannahald.....	10
Fjöldi barna.....	11
Sérkennsla.....	11
Nýbreytni	12
Húsnæði og viðhald	12
Lokaorð	13



Innra starfið

Mikill metnaður var í innra starfi leikskólans og var boðið upp á fjölbreyttar leiðir til náms í gegnum leikinn. Litlar breytingar voru á Bæjarbóli þennan veturinn. Gott jafnvægi var í upphafi vetrar, næstelstu börnin voru í lausu kennslustofunni í garðinum. Áherslur í innra starfi var að tengja starfið við listadaga barna og ungmenna og því varð þema vetrarstarfsins ég sjálfur og listafléttan.

Mat á innra starfi leikskólans 2015-2016

Mat á starfi leikskólans er bæði formlegt og óformlegt. Oft kemur eitthvað upp í starfinu sem verður til umbóta og áhrifa á næstu árum. Skráning á öllum stundum og endurmat í lok þeirra vekur starfsfólk til gagnrýnnar hugsunar á hvað gekk vel og hvað ekki. Fara þær niðurstöður í umræður á deildarfundum sem hafa svo áhrif á mat á starfinu í heild.

Formlegt mat er svo gert á vorin á öllum verkefnum vetrarins og niðurstöður ræddar á starfsmannafundum og hefur áhrif á endurskoðun starfsáætlunar.

4

Til grundvallar sjálfsmati leikskólans er starfsáætlun 2015 – 2016 og voru niðurstöður úr mati starfsmanna á innra starfi leikskólans í meginatriðum, að gott jafnvægi væri á starfsemi leikskólans og festa komin varðandi markvissar vinnustundir með börnunum. Starfsfólki leikskólans fannst hafa tekist mjög vel að fylgja eftir því sem áætlað var.

Pema

Pemað er ákveðið viðfangsefni sem tekið er fyrir í aldursskiptum hópum og er hluti af lífsleikni leikskólans. Þennan vetur tókum við fyrir „Ég sjálf-ur og listafléttan“. Í ár voru listadagar barna í Garðabæ og því var þemað tileinkað listadögunum.

Útikennsla- gönguferðir

Gönguferðir voru farnar einu sinni í viku á öllum deildum og gekk það vel. Deildirnar höfðu valið sér stað í nágrenninu og fylgdust með því hvernig hann breyttist eftir árstíðum. Í gönguferðunum leggjum við áherslu á að kenna börnunum um ferðareglurnar, umgengni við náttúruna og hvetjum þau til að hreinsa til í nánasta umhverfi sínu.



Hreyfing

Þennan veturinn voru áfram tveir kennarar með skipulagða hreyfingu í sal. Skipulögð hreyfing á sal var óbreytt frá fyrra ári þ.e. öll börn fara í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku frá miðjum september út maí og fara einu sinni í viku í frjálsan tíma í sal. Við færðum hreyfistundirnar út með vorinu og notuðum nágrennið. Haldið var áfram að fara með tvo elstu árgangana í jóga í vetur. Einnig eru aukatímar fyrir þau börn sem þurfa meiri þjálfun í hreyfifærni og var hópurinn kallaður „Snillingahópur“. Allir voru sammála um að þetta gengi mjög vel. Elstu börn leikskólans fara tvisvar í mánuði í hreyfingu í

Ásgarð og tvisvar í mánuði á Bæjarbóli. Mikil ánægja er hjá börnunum að fara í Ásgarð og þennan veturinn höfðum við aðgang að fimleikasalnum. Einnig gátum við boðið næst elsta hópnum einu sinni á önn í Ásgarð og stefnum við að því að halda því áfram.

5



Markviss málörvun

Öll börn í tveimur elstu árgöngum leikskólans fara í Markvissa málörvun tvisvar í viku 15 – 20 mín. í senn í 20 vikur sem skiptast fyrir og eftir áramót. Fyrir einu ári var byrjað að vera með markvissa málörvun snemma á morgnanna og það reyndist vel og haldið var áfram að hafa markvissa málörvun á morgnana.

Einingakubbar/ Holukubbar

Einingakubbar voru nokkuð vel nýttir á öllum deildum og betri nýting eftir breytt skipulag þar sem deildirnar hafa bara annað svæðið í einu. Á Vinaholti og Nónholti eru einingakubbar inni á deildinni og þar nýtast þeir vel. Holukubbar eru alltaf mjög vinsælir hjá börnunum, Bætt var við holukubbasafnið og keypt viðbót á litlum vagni sem mögulegt er að rúlla á milli deilda. Á hnoðraholti voru kennarar mjög duglegir að nýta einingakubbana og kennurunum fannst gott að geta sent nokkur börn á svæðið til að

minnka álagið inni á deildinni. Á Móholti voru einingakubbasvæðið ekki vel nýtt en á næsta skólaári á Móholt að fá einingakubba inn á deild.

6



Könnunarleikur

Könnunarleikur fer þannig fram að safnað hefur verið saman „verðlausum“ hlutum, ekki leikföngum í hefðbundnum skilningi sem keypt eru úti í búð. Þetta eru hlutir eins og keðjur, lyklar, dósir og lok. Eftir að hlutunum hefur verið raðað á gólfið hefst leikurinn. Börnin velja sér hluti og nota þá á margan hátt. Þau fylla, tæma, setja saman, stafla, raða, draga, hrista, velja og hafna. Þau leika sér ótrufluð án fyrirmæla frá hinum fullorðna. Þau leiða leikinn sjálf og læra um leið að hægt er að gera hluti á margan máta. Á báðum yngri



deildunum gekk leikurinn vel þegar hann var en féll oft niður vegna manneklu á deildunum.

Lesmál

„Lesmál“. Markmið verkefnisins er meðal annars að þróa markvissar sögu- og samræðustundir og stuðla að auknum hlustunar- og málskilningi barna, auka orðaforða þeirra, hugtakaskilning og tjáningu. Börnin voru mjög áhugasöm í lesmáli og gekk það mjög vel á öllum deildum. Verkefnið „Bókin mín“ gekk vel á þeim deildum sem hún var unnin.

Verkefni elstu barnanna

Eru í mjög föstum skorðum og gengur vel að vinna með þau verkefni.

Um haustið var farin árviss haustferð í Heiðmörk. Einnig var okkur boðið í sögustund í Þjóðleikshúsinu á sýninguna Brúðukistan og á sinfóníutónleika í Hörpuna á Ástarsaga úr fjöllum. Útskrift elstu barnanna var með hefðbundnum hætti og farið að Fossá í Kjós. Elstu börnin fóru jafnframt í margar vettvangsferðir meðal annars í náttúrufræðistofu Kópavogs, menningarferð til Reykjavíkur, gönguferð í hraunið, heimsóttu flugfélagið Erni, fóru í fjöruferð og heimsóttu bókasafn Garðabæjar.

Brúum bilið / Samstarf leik- og grunnskóla.

Samstarfsskólinn okkar er Flataskóli og voru nokkur verkefni unnin. Einnig fóru börnin í heimsókn í Hofstaðaskóla. Til að auðvelda skil á milli skólastiga var haldið áfram að vinna með ferilmöppu barnsins í samvinnu við foreldra og fulltrúa grunnskólanna, ferilmappa barnsins sem barnið tók þátt í að fylla inn í og vonum við að það auðveldi börnunum enn frekar flutning á milli skólastiga.

Samstarf við Flataskóla – Brúum bilið – 2015-2016 var með eftirfarandi hætti samkvæmt samstarfssamningi sem gerður er að hausti:

Haustönn

Við hittumst á Alþjóðlega bangsadeginum á bókasafni Flataskóla. Áttum notalega lestrarstund og skoðuðum bækur með börnunum í 5 ára bekknum. Kíktum í stofuna þeirra og lékum okkur saman.

Börnin í 1.bekk komu í heimsókn til okkar í nóvember og lékum við okkur saman úti í garði.

8

Börnin í bláa hópi fóru í Flataskóla í nóvember og léku úti og inni við 1. bekkinga.

Vorönn

Í janúar fóru elstu börnin í heimsókn í Krakkakot. Skoðuðu aðstæður, léku sér og snæddu hádegisverð.

1.bekkur heimsótti okkur í byrjun mars og við lékum okkur saman inni. Mjög skemmtilegt.

Farið var í heimsókn í Flataskóla fyrir páska að skoða lifandi páskaunga.

Vorskólinn var í byrjun maí þar sem börnin fengu kynningu á húsnaði skólans ásamt því að vera með 1.bekk í vinnustundum og



frímínútum. Börnin sem voru væntanlegir nemendur Hofsstaðaskóla fóru í vorskóla í Hofsstaðaskóla og væntanlegir nemendur Flataskóla fóru í Flataskóla í vorskóla.

Flæði

„Flæði“ er einu sinni í mánuði frá nóvember og fram í maí á föstudögum þar sem börn og starfsmenn flæða á milli deilda og kynnast börnum, starfsfólki og húsnaði og gekk það mjög vel. Veitir það börnum öryggi þegar þau flytjast svo á milli deilda og fundum við það vel í aðlögunni í sumar. Ánægja er með flæðið og starfsmenn fara einnig á milli deilda og kynnast þannig öðrum deildum og börnum.

Tákn með tali

Við höldum áfram með TMT þetta árið. Börn og starfsfólk lærðu 4 ný eða rifjuðu upp gömul tákn í hverri viku. Táknin eru svo notuð þegar farið er yfir hvað er í matinn, hvernig á að klæða sig og í söngstundum og gekk það vel. Mikil ánægja er með að nota tákn með tali og verður áfram unnið markvisst að því að bæta það hjá starfsfólki og börnum.

Foreldrasamstarf

9

Foreldrafélagið hefur unnið með nokkuð hefðbundnu sniði þetta ár og var hluti af stjórninni endurnýjuð. Sex foreldrar voru í stjórn foreldrafélagsins og foreldraráðs sem starfar samkvæmt lögum um leikskóla.

Lögð er áherslu á góð dagleg samskipti við foreldra og verkefni dagsins skráð á upplýsingatöflur fyrir framan deildirnar þannig að foreldrar geta fylgst með hvað börnin þeirra eru að gera yfir daginn. Foreldrum er boðið í tvö samtöl á ári. Eitt að hausti, kynning á vetrarstarfinu og annað að vori þar sem heilsubók barnsins er skoðuð og farið yfir líðan, nám og annað. Foreldrar fá upplýsingar um starfið í fréttabréfi þrisvar sinnum yfir árið og með tölvupósti. Á heimasíðuna höfum við lagt áherslu á að setja inn fréttakorn og ljósmyndir úr starfinu á deildarsvæðin. Flestar upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu leikskólans og þar má sjá matseðil vikunnar.

Foreldrafélagið var með viðburði á haust- og vorönn. Piparkökuskreytingardag á leikskólanum í tengslum við að ljósin voru tendruð á jólatrénu á Garðatorgi og kökubasar á opnu húsi. Ágóðinn af kökubasarnum verður notaður til að kaupa leiktæki fyrir leikskólann. Foreldrasjóður stóð straum að nokkrum uppákomum á leikskólanum jólasveina á jólaball Bæjarbóls, jólaleikritið Pönnukakan hennar Grýlu, leikritið Pétur og úlfurinn og fyrirlestur á aðalfundi foreldrafélagsins, Þórunn Ævarsdóttir sálfræðingur á Þroska- og hegðunarstöð

heilsugæslunnar kom og talaði um kvíða, einkenni, viðbrögð og kynnir námskeiðið "Klókir litlir krakkar". Fjölskylduhátíð Bæjarbóls var haldin í lok maí og foreldrafélagið bauð upp á pylsur, andlitsmálningu, Einar Mikael töframann og krakkahesta.



Einnig greiðir foreldrafélagið fyrir rútu fyrir útskriftarferð elstu barna en þetta sinnið var farið í Kjósina.

Foreldrafélagið hélt fund um sumartímann vegna breyttra aðstæðna í leikskólanum, þar komu meðal annars fram athugasemdir varðandi skiptingu barna á milli deilda og

umræða um hvernig starfsfólk tekur ákvarðanir um slíka skiptingu. Fulltrúar í foreldrafélagi telja mikilvægt að frá hverri deild séu fulltrúar í félaginu og verður leitast við það næsta vetur. Það er ósk foreldrafélagsins að leitast verði við að hafa elstu börnin saman á deild áfram eins og verið hefur undanfarin ár.

Öfum og ömmum var boðið í kaffi á degi leikskólans í febrúar og foreldrum boðið í kaffi og smákökur sem börnin baka um miðjan desember til að upplifa jólaundirbúninginn með börnunum.

Starfsmannahald

Markmið í starfsmannastjórnun er að gera skólann að einni heild, samræma vinnubrögð og auka samstarf á milli deilda. Efla samkennd starfsmanna, auka víðsýni og nýta mannauðinn.

Heildarfjöldi starfsmanna var 26 veturinn 2015 – 2016 og þar af störfuðu 6 leikskólakennarar, 4 uppeldismenntaðir starfsmenn og margir af leiðbeinendum skólans með langa starfsreynslu. Einn starfsmaður hóf meistaranám í fjarnámi hjá HÍ.

Starfssamtöl þetta árið voru með þeim hætti að leikskólastjóri tók deildarstjóra, sérkennslustjóra og fagstjóra í hreyfingu. Deildarstjórar áttu að taka starfsmenn sinnar deildar en ekki gafst ekki tími til þess vegna breytinga á starfsmannamálum.

Mikill metnaður var í menntaáætlun leikskólans þetta árið og fylltu allir starfsmenn skilyrði til starfsþróunar.

Við fengum til okkar nokkra fyrirlestra og stutt námskeið á starfsmannafundi og skipulagsdag til að efla hjá okkur innra starfið.

Allir starfsmenn sátu fyrirlestrana:

- Hildur Halldórsdóttir - Tónmál
- Irma Gunnarsdóttir – Dans
- Hrafnhildur Sigurðardóttir / Unnur Arna Jónsdóttir – Hugarfrelsi
- Flogaveiki

Allir deildarstjórar sóttu örnámskeið um læsi á vegum bæjarins sem haldin voru yfir veturinn.

11

Önnur námskeið yfir veturinn voru:

Markviss málörvun : 6 starfsmenn

Barnið í leik : 3 starfsmenn

Tras : 2 starfsmenn

Tónmál 2 : 5 starfsmenn

Heimspækileg samræða : 5 starfsmenn

Tjáning : 4 starfsmenn

Virk þátttaka og lýðræði í leikskólastarfi : 2 starfsmenn

Vínátta : 4 starfsmenn

Vísindaleikir : 2 starfsmenn

Sögur : 5 starfsmenn

Fjöldi barna

Í leikskólanum voru fimm deildir, fjórar í húsnæði leikskólans og ein í lausri kennslustofu í garðinum. Allar deildirnar bjóða upp á breytilegan dvalartíma, boðið er upp á dvöl frá 4 klst. til 9,5 klst. Í desember voru börnin 94 af þeim voru 47 stúlkur og 47 drengir, flest voru börnin í aldurshópnum fædd 2012. Flest börnin dvöldu í 8 tíma eða meira og er 6 tíma stysta viðveran í leikskólanum. Elstu börnin voru á Nónholti og næst elstu börn leikskólans voru á Vinaholti og Móholti og annað var óbreytt.

Sérkennsla

Skólaárið 2015 - 2016 voru 34 börn sem nýr sérkennslustjóri kom að í leikskólanum með margvíslegum hætti. Líkt og í fyrra voru mörg af þeim tvítyngd/fjöltýngd börn í leikskólanum.

Bent skal á að sum barnanna eru í fleirum en einum íhlutunarflokki en annars skiptist hópurinn á eftirfarandi hátt; seinkaðan málþroska, framburðarfrávik, stuðning vegna hegðunar og samskiptaörðugleika og tvítyngd börn.

Nýbreytni

12

Tvö þróunarverkefni voru sett á starfsáætlun þennan veturinn, Listafléttan /tónlist og dans og vináttan. Ákveðið var að færa vináttuverkefnið fram á næsta vetur og hafa þennan vetur tileinkaðan listafléttunni. Þrátt fyrir það fóru allir deildarstjórar á námskeið vegna vináttuverkefnisins á vordögum 2016 til að vera tilbúin í þá vinnu næsta skólaár.

Listafléttan /tónlist og dans

Helstu markmið er að efla starfsmenn og börn í tónlist og dansi á Bæjarbóli. Við viljum að starfsmenn verði öryggir í að nýta sér hljóðfæri sem leikskólinn á í söng og dansi með börnunum. Að starfsmenn eflist enn frekar í að kenna börnunum einfalda og skemmtilega dansa þannig fáum við fleiri tækifæri til að hreyfa okkur á jákvæðan hátt. Verkefnið er tengt þemaverkefni leikskólans um lífsleikni, þar sem áherslan er líkamsvitund, listir og samvinna. Mat starfsmanna var að verkefnið hefði ekki gengið jafn vel og vonir stóðu til en margt mátti samt sem áður læra og reynslan var góð. Lesa má nánar um verkefnið í þróunarskýrslu um verkefnið inn á heimasíðu leikskólans.

Húsnæði og viðhald

Mikil þörf er á að fríska upp á leikskólann og hófst vinna við það sumarið 2016. Stefnt er að því að skipta um þakkant og mála húsið að utan haustið 2016 enda stórafmæli á döfinni þann 15. nóvember 2016 þegar leikskólinn verður fertugur. Skipt var um glugga á Hnoðraholti og deildin jafnframt máluð.

Gömul teppi á Vinaholti og í Holukubbarými voru rifin af og settir nýir litríkir gólfdukar sem henta rýminu mun betur en teppið og auðveldar þrif.

Ofn í eldhúsi varð ónýtur og því voru keyptir tveir nýir ofnar fyrir eldhús sumarið 2016. Ákveðið var að fá tvo litla ofna í staðinn fyrir einn stóran til að matráður hafi tök á að elda í öðrum ofni á meðan bakað er í hinum og mikil ánægja með þann möguleika. Þar sem áður hafði verið einn ofn þurfti að fá iðnaðarmenn til að aðlaga og breyta bæði pípulögnum og rafmagni til að allt gengi upp og allar tengingar væru í lagi.

Það er ósk starfsmanna að starfsemi leikskólans verði undir einu þaki og að húsið sem skýlir Vinaholt verði látið fara enda hafi það verið sett upp sem bráðabirgðalausn vegna vöntunar á leikskólaplássi í bænum á sínum tíma.

13

Lokaorð

Segja má að síðast skólaár hafi gengið vel en vorið 2016 urðu miklar breytingar þegar leikskólastjóri sagði starfi sínu lausu og starfsmenn tóku við keflinu fram í ágústmánuð. Starfsfólk Bæjarbóls á hrós skilið fyrir lausnamiðaða hugsun, samvinnu og jákvæðni við að láta starfsemi leikskólans ganga vel þrátt fyrir miklar breytingar.

Leikskólinn býr yfir miklum mannauð og mikilli starfsreynslu sem mikilvægt er að hlúa að. Ljóst er að breytingar eru alltaf erfiðar en við göngum bjartsýn á móti nýju skólaári með frábærum börnum, foreldrum og starfsfólki.



Garðabæ 14. október 2016
Anna Bjarnadóttir, leikskólastjóri
Rósa B. Arnadóttir, aðstoðarleikskólastjóri
Auður Skúladóttir, umsjón með hreyfingu